

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 40/2009

frá 17. mars 2009

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2008 frá 1. febrúar 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til tilmæla Evrópuþingsins og ráðsins 2008/C 111/01 frá 23. apríl 2008 um að koma á fót evrópskum ramma um menntun og hæfi að því er varðar símenntun ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir 7. mgr. 4. gr. bókunar 31 við samninginn.

„8. Samningsaðilar skulu leitast við að styrkja samstarf á grundvelli eftirfarandi EB-gerðar:

- **32008 H 0506(01)**: Tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins 2008/C 111/01 frá 23. apríl 2008 um að koma á fót evrópskum ramma um menntun og hæfi að því er varðar símenntun (Stjtið. ESB L 111, 6.5.2008, bls. 1).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2009.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 154, 12.6.2008, bls. 38, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 33, 12.6.2008, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 111, 6.5.2008, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.